Listiðnaðarsýningin Kjarvalsstöðum:

Falleg sýning

Jóhanna Guðmundsdóttir, Austurbrún 4, skrifar:

Mikið fannst mér gaman á Kjarvalsstöðum núna um daginn þegar ég skoðaði listiðnaðarsýninguna sem þar stóð yfir á vegum Bandalags kvenna í Reykjavík.

Þetta er fallegasta sýning sem ég hef séð þar og svo ánægjulegt hvað allt hefur tekizt vel, allir fallegu munirnir nutu sín svo vel og það var bjart yfir salnum. Það var enginn basarsvipur yfir þessari sýningu sem svo oft vill verða þegar ullarvinna, útsaumur og annað slíkt er sýnt.

Hönnuðurinn, Gunnar Bjarnason, hefur unnið frábært starf og Bandalag kvenna í Reykjavík hefur brotið upp á nýmæli sem verður að gera að föstum lið í starfi bandalagsins á komandi árum.

Bandalagi kvenna í Reykjavík óska ég til hamingju með sýninguna.



Frá listiðnaðarsýningunni á Kjarvalsstöðum.



Hljómsveitin The Clash.

Kampútseu-hljómleikarnir:

Lagið Police and Thieves er ekki eftir The Clash


Nýbylgjurokkari skrifar:

Í DB 19. feb. sl. fjallar Helgi Briem um Kampútseu-hljómleikana í Austurbæjarbíói. Er ekki nema gott eittt um það að segja. Þó vil ég leiðrétta tvær missagnir sem fram koma í umfjöllun Helga: Hann segir að Fræbbblarnir hafi flutt „lagið Police And Thieves eftir Clash". Rétt er að Fræbbblarnir fluttu Police And Thieves. En þetta stórgóða lag er bara ekki eftir Clash. Það er eftir Junior Murvin, gítarleikara í hljómsveit Bob Marleys, The Wailers.

Þess má geta að Police And Thieves er af mörgum talið vera eitt af 10 beztu lögum allra tíma. Er það því ósjaldan nefnt í sömu andrá og Imagine (eftir John Lennon), No Woman No Cry (eftir Bob Marley) og slík snilldarverk. Enda hafa margir flutt Police And Thieves inn á plötur. M.a. hefur Clash tekið þetta ágæta lag upp á sína arma og flutt það á þann hátt sem þeim einum er lagið.

Helgi segir að ljóðin, sem Þursaflokkurinn spann í kringum á hljómleikunum, hafi verið samin á staðnum af Agli Ólafssyni. Hið rétta er að ljóð þessi eru eftir Ara Jósefsson. Anzi skemmtileg ljóð.

Í tilefni framlags söngsveitarinnar Kjarabótar langar mig svo til að benda meðlimum sveitarinnar á eftirfarandi: Ef þið viljið ná til fólksins þá þýðir ekki að bjóða upp á 25 ára gamlar útsetningar. Þið virðist hafa gott efni til að moða úr. Því ekki að poppa það svolítið upp, gera það aðgengilegra ungu fólki sem hafnar algjörlega tónlist í anda Bing Crosby og Frank Sinatra. Hvernig væri að pæla svolítið í plötum Clash, Bob Marley & The Wailers og Þursaflokksins með nútímalegri útsetningar í huga?



Rockville-herstöðin á Miðnesheiði.

Lykt af Rockville-frétt útvarpsins?

Dagmar Gunnlaugsdóttir hringdi:

„Í hádegisútvarpinu í dag (þriðjudag) var þrisvar eða fjórum sinnum lesin frétt þess efnis að tveir hermenn suður í Rockville hefðu miðað **hlöðnum** byssum á Íslendinga sem þar voru að vinna.

Ég hef aldrei heyrt það áður í fréttum, hvorki af flugvélaránum eða öðru, að menn hafi miðað **hlöðnum** byssum á einhvern.

Mér fannst lykt af þessari frétt. Ég er sannfærð um að ef þessi atburður hefði átt sér stað á einhverjum öðrum stað en Rockville þá hefði ekki verið minnzt á að byssan hafi verið **hlaðin.** Hvernig gátu þeir líka vitað að byssan hafi verið hlaðin? Mér finnst eins og þessi frétt sé frá kommúnistum komin. Ég hef heyrt að mikið sé af þeim á ríkisfjölmiðlunum."

VILJA STOFNA FÉLAG UM BJÓRINNFLUTNING

1870-7578 hringdi:

Á döfinni er að stofna áhugamannafélag um bjórinnflutning. Í bréfi sem birt verður í Röddum lesenda á næstunni verður gerð nánari grein fyrir félaginu.

Mig langar líka til að þakka Davíð Scheving Thorsteinssyni fyrir stórkostlega framtakssemi í bjórmálum.

Hver á Íslandsmetið í plötusnúningi?:

„VIÐ SPILUÐUM Í 52 TÍMA"

— segir enn einn aðilinn sem gerir kröfu til að teljast Íslandsmeistari í plötusnúningi

Gunnar Gunnarsson, Skaftahlíð 29 Reykjavík, skrifar:

Ég vildi gjarnan vekja athygli á því að það eru fleiri sem geta sagzt eiga Íslandsmet í plötusnúningi heldur en Villi í Klúbbnum, Logi Dýrfjörð og Valdimar í Dynheimum á Akureyri.


Eftir því sem ég bezt veit var fyrsta Íslandsmetið í plötusnúningi sett í Klúbbnum árið 1978 og var það Villi sem þá spilaði í litla 13 tíma.

Stuttu seinna var sagt frá því í dagblöðunum að Þorsteinn og Gunni nokkur Smith hefðu spilað í 26 tíma. Villi vildi ekki viðurkenna þetta sem Íslandsmet og getur verið að hann hafi rétt fyrir sér í því, þar sem þeir voru tveir er þeir spiluðu helmingi lengur en hann. Þetta var reyndar ekki á opinberum skemmtistað en aðstaðan og tækin voru ekki líkt því eins góð að vinna við eins og á fullkomnu eða góðu, opinberu diskóteki.

Eftir þetta datt mér í hug að reyna að slá þetta óopinbera met því 13 tíma met var ekkert til að keppa að, fannst mér. En þá vantaði stað og stund og var ég með þetta í huga í nokkurn tíma. Frétti ég þá að strákur að nafni Emil Bjarnason hefði það sama í hyggju og ég.

Ákváðum við því að spila saman í skátaheimili Dalbúa við Leirulæk. Byrjuðum við að spila kl. 10 að morgni á föstudegi 22. des. 1978 og sátum síðan við plötuspilarana stanzlaust fram á sunnudag 24. des. kl. 2 e.h. og vorum þá búnir að spila í 52 klst.

Þetta átti ekki að verða opinbert og blöðin áttu ekki að frétta af þessu. En svo vildi til að blaðamenn frá Morgunblaðinu, sem voru að skemmta sér í Klúbbnum, fréttu af þessu og komu þeir á staðinn einhvern tíma eftir miðnætti á laugardag og birtu síðan frétt um þetta í blaðinu, sem ætti að sanna mál mitt.



Vilhjálmur Ástráðsson, einn þeirra fjölmörgu aðila sem að undanförnu hafa lýst því yfir að þeir séu Íslandsmeistarar í plötusnúningi.

Eftir þetta heyrðum við að einhverjir strákar úr Keflavík hafi ætlað að slá þetta óopinbera met en ekki veit ég hvað varð úr því.

27.—28. okt. 1979 spilar Logi Dýrfjörð í 26 klst. og 48 mín. í Saltvík og segist eiga Íslandsmetið (Dagblaðið 14. febr. 1980) og Villi í Klúbbnum (Vilhjálmur Ástráðsson) spilar fyrir maraþondanskeppendur í 20 tíma og segist einnig vera Íslandsmeistari í plötusnúningi. Þá er það Valdimar Pálsson á Akureyri sem segist vera Íslandsmethafi í plötusnúningi. Hann spilaði í 30 tíma samfleytt í æskulýðsheimilinu Dynheimum fyrir maraþondanskeppendur.

Að endingu vil ég benda á að ég er tilbúinn til að spila einn opinberlega fyrir dansandi fólk hvenær sem er í a.m.k. 60 klst. ef einhver skemmtistaður hefði áhuga á því.